

FRÍSTUNDIR & MENNING

FRAMUNDAN

- 7. apríl** Undirbúningsfundur vegna 2. tbl. Járngerðar
- 9. apríl** Fundur í forvarnarteymi
- 13. apríl** Fundur hjá Samsuð
- 14. apríl** Undirbúningsfundur vegna Vinnuskólans 2015
- 16. apríl** Undirbúningsfundur vegna Sjóarans síkátá
- 17. apríl** Aðalfundur Samfés
- 21. apríl** Fundur Menningarfulltrúa á Suðurnesjum
- 22. apríl** Undirbúningsfundur með þjónustuaðilum og fulltrúum hverfanna vegna Sjóarans síkátá
- 23. apríl** Víðavangshlaup á sumardaginn fyrsta
- 27. apríl** Fundur hjá Samsuð
- 28. apríl** Ungmennaráð fundar með bæjarstjórn
- 29. apríl** Samráðsfundur í lðu
- 30. apríl** Fundur stjórnenda á frístunda- og menningarsviði
- 4. maí** Fundur hjá Ungmennaráði
- 6. maí** Fundur í frístunda- og menningarnefnd



GRINDAVÍKURBÆR

Nýja íþróttamannvirkið opnað á laugardag

Nýtt og glæsilegt íþróttamannvirki Grindavíkurbæjar verður tekið í notkun laugardaginn 11. apríl næstkomandi. Afgreiðsla fyrir sundlaugina og íþróttahúsið færist á einn stað, í nýja mannvirkið. Þar eru einnig búningsklefar fyrir sundlaugina og íþróttahúsið. Um leið verður líkamsræktarstöðinni í gömlu sundlauginni lokað næstu fjórar til sex vikurnar vegna stækkunar á líkamsræktaraðstöðunni en þær framkvæmdir eru á vegum Gym heilsu. Líkamsræktin verður því lokað á meðan framkvæmdirnar standa yfir.

Sundlaugin verður lokað föstudaginn 10. apríl vegna flutninga á afgreiðslunni í nýja mannvirkið en starfsemi íþróttahússins verður óbreytt þann dag. Skólasund felur því niður þann dag.



Aðalinngangur nýja íþróttamannvirkisins er sunnan megin, þ.e. við Austurveg. Búið er að hanna torg við íþróttamiðstöðina en farið verður í þær framkvæmdir með vorinu og verður torgið væntanlega tilbúið í ágúst og er þá stefnt að formlegri vígslu hússins. Meginmarkmið hönnunar á torginu er að skapa aðlaðandi og fjölnota aðkomu að nýrri

íþróttamiðstöð Grindavíkur. Nemendur sem koma úr Hópsskóla, þ.e. 1. til 3. bekk, ganga hins vegar inn í tengingarganginn þar sem inngangurinn var í gömlu sundlauginu.

Aðalinngangur í nýja félags- og skrifstofu-aðstöðu UMFG og Kvenfélags Grindavíkur verður í suðaustur horni byggingarinnar við Austurveg.

Undirbúningsfundir fyrir Sjóarann síkátá

Undirbúningur fyrir Sjóarann síkátá er hafinn af fullum krafti og eru Grindvíkingar hvattir til að taka virkan þátt í hátíðinni. Þann 16. apríl kl. 12:00 verður undirbúningsfundur m.a. með Sjómann- og vélstjórafélaginu, lögreglu,

sjúkraflutningamönnum, starfsmönnum bæjarins, björgunarsveitinni Þorbirni og slysavarnardeildinni Þórkötlu. Þann 22. apríl verður fundur með þjónustuaðilum í bænum og fulltrúum hverfanna fjögurra.

Ábendingar um dagskrárliði er hægt að senda á sviðsstjóra frístunda- og menningarsviðs á netfangið thorsteinng@grindavik.is, í seinasta lagi 10. maí n.k.

Dagana 25.-27. mars sl. var ungmennaráðstefnan *Ungt fólk og lýðræði* haldin í sjötta sinn og nú í Stykkishólmi. Yfirskrift ráðstefnunnar í ár var; „Margur verður af aurum api – réttindi og skyldur ungs fólks á vinnu-markaði“. Tveir fulltrúar frá Ungmennaráði Grindavíkur fóru á ráðstefnuna, þær Þórveig Hulda Frímansdóttir og Elsa Katrín Eiríksdóttir. Ungmennafélag Íslands hefur ávallt lagt áherslu á lýðræðislega þátttöku ungs fólks og hefur ráðstefnan vakið mikla lukku meðal þátttakenda.

VISSIR ÞÚ?

... að talið er að um þrjú þúsund manns hafi sótt viðburði í Menningarvikunni sem tókst virkilega vel. Þar af komu um 430 manns á bókasafnið og í tvígang var Grindavíkurkirkja full þegar viðburðir fóru fram.



GRINDAVÍKURBÆR

Útgefandi: Frístunda- og menningar svið

ÁBM: Þorsteinn Gunnarsson, sviðsstjóri.

thorsteinn@grindavik.is.

Sími 420 1100.

Fleiri fréttir á

www.grindavik.is

Opnað fyrir umsóknir í Vinnuskólann 2015

Sumarstörf í Vinnuskólann 2015 fyrir 8. til 10. bekk og fyrsta árs nemendur í framhaldsskóla, verða auglýst á morgun, 8. apríl, á heimasíðu bæjarins. Umsóknar-

frestur er til 21. apríl. Skráning í Vinnuskólann að þessu sinni er hjá frístundaleiðbeinanda í Þrumunni. Nemendur geta aðeins skráð sig hafi þeir leyfisbréf frá forráðamanni

sem þarf að skila inn við skráninguna. Boðið verður upp á vinnuverndarnám-skeið, vinnuskóla Codland og margt fleira. Umsjónarmaður Vinnuskólans er Hjalti Guðmundsson.

Víðavangshlaup á sumardaginn fyrsta

Fimmtudaginn 23. apríl kl. 11:00 verður árlegt víðavangshlaup Grindavíkur á sumardaginn fyrsta. Allir sem taka þátt fá verðlaunapening frá Bláa Lóninu. Dagskráin er verður með svipuðu og í fyrra og verður eftirfarandi (gæti tekið breytingum):

Hlaupið verður ræst frá sundlauginni.

Skráning á staðnum frá kl. 10:30.

Drykkir og bananar við

endamark.

Hlaupinu verður skipt í eftirfarandi flokka:

Leikskólakrakkar (ásamt foreldrum/forráðamönnum/öfum og ömmum, foreldrum með barnakerrum osfrv)

1.-2. bekkur

3.-4. bekkur

5.-7. bekkur

8.-10. bekkur

16 ára + (fullorðinsflokkur), hlaupa með 8.-10. bekk.

Búið er að einfalda

hlaupaleiðina en nánari upplýsingar og kort af hlaupaleiðinni verða birtar á heimasíðu bæjarins, www.grindavik.is

Verðlaun:

Vetrarkort í Bláa Lónið fyrir fyrsta sæti í 5.-7. bekk, 8.-10, bekk og fullorðinsflokk.

Kort í Fjölskyldugarðinn fyrir fyrsta sæti í 1.-2. bekk og 3.-4 bekk.

FRÍTT Í SUND FYRIR ALLA BÆJARBÚA ALLAN DAGINN. OPIÐ KL. 10:00-15:00.

Hjólakraftur: Skemmtilegt forvarnarverkefni

Í byrjun mars hófst forvarnarverkefnið Hjólakraftur en það er hjólaklúbbur á vegum félagsmiðstöðvarinnar Þrumunnar í samstarfi við grunnskólann.

Umsjónarmaður er reynsluboltinn Þorvaldur Daníelsson hjólagarpur en hann kemur til Grindavíkur tvisvar í viku og hjólar með þeim tíu nemendum í 8. til 10. bekk sem komust í klúbbinn. Verkefnið stendur í þrjú mánuði eða til ca. 10. júní.

Markmið verkefnisins er að að virkja vanvirka



því að leggja rækt við það sem einstaklingarnir eru sterkir í.

Hjólakraftur hefur sett sér það markmið að taka þátt í Bláa Lóns þrautinni árið 2015.

Þorvaldur leggur gríðarlega áherslu á að foreldrar styðji við bakið á unga fólkinu og vill gjarnan að utan þeirra tíma sem hann hjólar með krökkunum að foreldrarnir taki við keflinu og séu virkir. Þess má geta að Róbert Ragnarsson bæjarstjóri hjólaði með krökkunum m daginn og mæltist það afar vel fyrir.

einstaklinga, fá þá til þess að komast upp úr þeim hjólförum sem eru hamlandi. Það er gert með jákvæðni að leiðarljósi og